

**Aðalfundur stjórnar Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu,
Laufskógum 1, þriðjudaginn 16. apríl kl. 15:00.**

Mætt: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Guðrún Ragna Einarsdóttir, Steinar Ingi Þorsteinsson (ritari), Þórdís Sveinsdóttir, Björn Aðalsteinsson, varamaður Kristjönu Björnsdóttur og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

1. Ársskýrsla 2018

Elsa Guðný lagði fram ársskýrslu ársins 2018 og fór yfir hana. Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu Minjasafnsins.

2. Afgreiðsla ársreiknings 2018

Endurskoðaður ársreikningur ársins 2018 liggur fyrir og er rekstrarniðurstaða ársins neikvæð að fjárhæð 10,9 milljónir króna. Skýrist tapið af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 (11,9 millj.). Ekki varð tap af hefðbundnum rekstri.

Ársreikningur og ársskýrsla borin fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða

Ársreikningur undirritaður af stjórn og safnstjóra.

Ársreikningur verður gerður aðgengilegur á heimasíðu Minjasafnsins.

3. Kjör endurskoðenda

Ásdís leggur til að KPMG verði áfram endurskoðendur reikninga. Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla safnstjóra

Elsa Guðný fór yfir skýrslu safnstjóra:

Húsnæðismál

Mygla hefur mælst í vinnurými safnvarða. Verið er að vinna að úrbótum í samstarfi við Fljótsdalshérað.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum á myglu í húsnæði safnsins og heilsufari starfsmanna því tengt.

Starfsmannamál

Elsa fór yfir starfsmannamál safnsins í sumar og haust.

Framundan

Minjasafnið mun standa fyrir málþingi um gamlar handverkshefðir og aðferðir í samstarfi við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað 1. júní næstkomandi. Í framhaldi af því verða haldin námskeið í samstarfi við skólann.

Sumarsýningar safnsins verða annars vegar farandsýningin Tíðarandi í teikningum og hins vegar sýning úr safnkosti safnsins.

Í haust er stefnt á að setja upp sýninguna Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld. Einnig verður fluttur fyrirlestur tengdur sýningunni.

Annað:

Elsa hefur verið tilnefnd af Safnaráði í Minjaráð Austurlands og situr þar sem varamaður. Elsa hefur einnig tekið sæti í stýrihópi um framtíð menningarhátíðarinnar Daga myrkurs og í starfshóp um verkefnið Ljóð á vegg.

5. Önnur mál

5.1. Eftirlit Safnaráðs með viðurkenndum söfnum.

Elsa lagði fram og kynnti matskýrslu Safnaráðs vegna eftirlits með viðurkenndum söfnum en Minjasafnið var í 20 safna úrtaki sem lenti í slíku eftirliti á síðasta ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10
Fundargerð ritaði Steinar Ingi Þorsteinsson